

Sp. 443. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um sérstaka ríkisstofnun til þess að stuðla að uppbyggingu niðursuðuiðnaðar o. fl.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að komið verði á fót sérstakri ríkisstofnun, er hafi það meginhlutverk að stuðla að uppbyggingu niðursuðuiðnaðar til hagnýtingar sjávarafurða, með því að veita tækniaðstoð og annast markaðsleit fyrir niðursoðnar sjávarvörur.

Greinargerð.

Fátt er nauðsynlegra fyrir smáþjóð eins og Íslendinga en að koma á fót fullkomnum iðnaði í því skyni að hagnýta náttúruauðæfi landsins svo sem bezt má verða.

Umhverfis landið eru einhver beztu fiskimið á Norður-Atlantshafi. Yfir 95% af útflutningi landsmanna eru sjávarafurðir, sem að mestu leyti eru fluttar úr landi sem óunnið hráefni. Sú þróun á sér stað meðal flestra annarra þjóða, að fólkið flyzt í vaxandi mæli úr sveitunum í þéttbýlið við sjávarsiðuna. Ef ekkert verður gert í náinni framtíð til þess að koma á fót öruggum iðnaði á þessum stöðum, má búast við vaxandi atvinnuleysi og versnandi afkomu fólksins. Nú þegar er svo komið, að um tímabundið atvinnuleysi er að ræða í mörgum sjávarþorpum umhverfis landið.

Það er því lífsnauðsyn fyrir íslenzku þjóðina, að allt verði gert, sem hægt er, til þess að koma á fót niðursuðu- og niðurlagningariðnaði sjávarafurða viðs vegar um landið og skapa þannig fólki örugga atvinnu, jafnframt því sem verðmæti sjávar aflans er margfaldað. Til þess að mögulegt sé að koma þessu í framkvæmd, verður að koma nýju skipulagi á þessi mál. Stofnkostnaður við niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur er hár og ýmis tæknileg vandamál við að etja, bæði í sambandi við byggingu og rekstur. Gera þarf margháttáðar tilraunir til þess að gera vöruna sem samkeppnishæfasta á hinum ýmsu mörkuðum, jafnframt því sem framkvæma þarf viðtæka markaðsleit, sem ætíð hlýtur að vera mjög kostnaðarsöm og í flestum tilfellum ofvaxin einstaklingum að leggja út í án stuðnings.

Það liggur því ljóst fyrir, að brýna nauðsyn ber til, að komið verði á fót stofnun, sem veiti tæknilega aðstoð við uppbyggingu áður greinds iðnaðar og annist markaðsleit, eftir því sem nauðsyn krefur.